2. fundur nemendaráðs Seyðisfjarðarskóla

18. nóvember 2024

Mættir: Aron E., Guðmundur og Huginn Breki

1.Mál – myrkraballið. Foreldrafélagið hefur óskað eftir að nemendaráð ræði hvað þeim finnst um núverandi fyrirkomulag og hvort þau hafi skoðanir á því og hvernig mætti betrumbæta. Nemendaráði fannst ballið ganga mjög vel en það hefði mátt vera betri mæting á unglingastigi. Þetta er mikil vinna og álagsdagur á nemendaráð en þeim finnst þetta frekar fínt skipulag. Vilja ekki endilega breyta neinu út frá hvernig nemendaráð er að vinna þetta. Mið- og unglingaballið var í styttra lagi, það var bara haldið áfram fram yfir auglýstan tíma því það var gaman og mikið af leikjum. Þarf kannski að finna einhverjar lausnir á því að fá fleiri á mið- og unglingastigi til að mæra.

2. mál - Er eitthvað sem vantar? Má kaupa? Eða jafnvel gera?

- Miðstiginu dreymir um að fara í Vök og það væri gaman að fara með mið- og unglingastigið í Vök.
- Gera öðruvísidagar dagatal – stefnum að því að hafa fyrsta öðruvísi daginn föstudaginn 29. nóvember, kannski náttfatadag.
- Frímí aðstaðan léleg – mætti kaupa pool borð eða eitthvað svoleiðis.
- Farið yfir hugmyndabankann frá í fyrra. Stefnum að því að koma einhverju af honum í framkvæmd þetta skólaárið.

Fleira ekki gert á þessum fundi.